



13. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 miðvikudaginn 27. maí 2020 og er að þessu sinni símafundur.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ólafur Páll Vignisson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Forfallaðir:

Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Eva Björk Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi SASS

Dagskrá:

Frestun aðalfundar

Í ljósi Covid-19 heimsfaraldursins og ástandsins í kjölfar þess var tillaga borin upp á stjórnarfundum Markaðsstofu Suðurlands að fresta aðalfundi félagsins fram til september 2020 í ljósi þess að ekki var hægt að halda fundinn líkt og upphaflega var fyrirhugað í apríl síðastliðnum. Var tillagan samþykkt á fundinum sem fram fór þann 27. maí 2020.

Ástæður frestunarinnar eru einkum þær að allur kraftur og einbeiting Markaðsstofunnar þarf að beinast að markaðsstarfinu sjálfu fyrir sumarið enda mikið undir fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu. Verkefni eru ærin sem aldrei fyrr en undirbúningar aðalfundar krefst mikillar vinnu sem hefði komið niður á mikilvægum verkefnum sem framundan eru, einkum nú í maí og júní. Til ársfundarins verður boðað með góðum fyrirvara.

Fyrirspurn frá KPMG

Tekin var fyrir fyrirspurn frá KPMG vegna reksturs félagsins árið 2020 og framkvæmdastjóri las upp tillögu að svari. Ljóst er að Covid-19 heimsfaraldurinn hefur veruleg áhrif á mörgum sviðum og ómögulegt að segja til um á þessari stundu hver þau endanlega verða. Það er þó mat stjórnenda að faraldurinn hafi ekki veruleg áhrif á rekstrarhæfi félagsins.

Stjórn samþykkir samhljóða og felur framkvæmdastjóra að senda svar til KPMG.

Fundi slitið 10:18